

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðurgötu - Hamarsbrautar vegna Suðurgötu 44.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 7. desember 2022 breytt deiliskipulag lóðarinnar Suðurgötu 44. Breytingin felur í sér að á lóðinni er gert ráð fyrir að núverandi hús verði rifin og í stað þeirra verði byggð 3 hús með 15 misstórum íbúðum. Syðst og nyrst á lóðinni eru 2 hæða einbýlishús en fyrir miðju verður 2-3 hæða L-laga klasahús. Gert er ráð fyrir 17 bílastæðum í bílageymslu og 4 stæðum á lóðinni. Tillagan að breytingunni var auglýst frá 26. ágúst 2022 með athugasemdafresti til 7. október 2022. Athugasemdir bárust. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 31. janúar 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 14. febrúar 2023